

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum, er leggjast við höfuðstól hans.

Allir vextir skulu lagðir við höfuðstól í næstu 10 ár, en að þeim tíma liðnum má ráðstafa $\frac{3}{4}$ hlutum árlegra vaxta. $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna leggist jafnan við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn 100 000.00 — eitt hundrað þúsund — krónur, en þá má veita $\frac{1}{10}$ hluta vaxtanna. $\frac{1}{10}$ hluti vaxtanna leggist jafnan við höfuðstól. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands eða annarri hliðstæðri stofnun.

Tilgangur sjóðsins er að viðhalda og fegra Narfeyrarkirkju og Narfeyrarkirkjugarð. Verði sú breyting á, að Narfeyrarkirkja verði lögð niður, þá skal sjóðurinn að öllu eign Narfeyrarkirkjugarðs og tekjur hans eingöngu ganga til viðhalds og fegrunar núverandi kirkjugarði á Narfeyri.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Reikningshaldari Narfeyrarkirkju skal hafa reikningshald sjóðsins með höndum og vera í stjórn hans. Fari svo, að Narfeyrarkirkja verði lögð niður og söfnuðurinn sameinaður öðrum söfnuði, skal reikningshaldari þess safnaðar taka sæti í stjórninni sem reikningshaldari sjóðsins.

Meðstjórnendur verði viðkomandi sóknarprestur, svo og ættingi Vigfúsar, ef búsettur er í sókninni, og skal hann valinn af sóknarnefnd. Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður með reikningum kirkjunnar og látinn fylgja þeim, enda verði hann eins og þeir undir yfirumsjón biskups.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Brokey, 21. júlí 1952.

Kristjana Kr. Hjaltalín.

AUGLÝSING

um bann við sölu á II. flokks kartöflum til manneldis innanlands.

Samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 31 2. apríl 1943, og samkvæmt tillögum Grænmetisverzlunar ríkisins, er verzlunum hér með bönnuð sala á II. flokks kartöflum til manneldis innanlands.

Brot gegn ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum frá 50 til 3000 kr., ef ekki liggur þyngrí refsing við samkvæmt lögum.

3. gr.

178

Auglýsing þessi öðlist gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, 30. sept. sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

179

1. okt.

um breyting á reglugerð nr. 53 7. marz 1945, um gjöld til utanríkisráðuneytisins.

1. gr.

Fyrir embættisverk þau, sem framkvæmd eru í utanríkisráðuneytinu eða af fulltrúum þess erlendis, skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá reglugerðar nr. 53 7. marz 1945 með 100% viðauka.

Þó skulu gjöld þau, sem ákvörðuð eru sem ákveðinn hundradshluti (prósenta) af upphæð haldast óbreytt.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1954.

Utanríkisráðuneytið, 1. október 1953.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

GJALDSKRÁ

180

1. okt.

fyrir Rafveitu Eyrarsveitar.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarsveitar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Til lýsingar.

Um kwst.mæli á kr. 2.20 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst. fyrir alla notkun á heimilinu, auk fasta-gjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði á hvert íbúðarherbergi. Til íbúðarherbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, bað-herbergi, þvottahús eða geymslur.

Herbergi, sem er minna en 6 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Til vélareksturs.

Um kwst.mæli á kr. 1.20 hverja kwst. Sé notkunartími vélanna mjög stuttur, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.